

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 9. bekk er kennt í tveim umsjónarhópum með 44 nemendum, 24 drengir og 20 stúlkur. Umsjónarkennarar eru Anna Hulda Einarsdóttir með 9. AH og Berglind Kristjánsdóttir með 9. BK. Nemendum er kennt í teymum miðað við getu í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Kennarar í íslensku eru Anna Hulda Einarsdóttir með A-teymi, Drífa Gunnarsdóttir með B-teymi og Ástríður Helga Sigurðardóttir með C-teymi. Í stærðfræði er Berglind Kristjánsdóttir með A-teymi, Rafn Markús Vilbergsson með B-teymi og Guðjón Sigbjörnsson með C-teymi. Í ensku kennir Hulda Hauksdóttir A-teymi, Anna Birna Gunnlaugsdóttir B-teymi og Einar Árni Jóhannsson kennir C-teymi. Í dönsku kennir Anna Birna Gunnlaugsdóttir A-teymi, Kristín Hjartardóttir kenna B-teymi og Jóhanna Helgadóttir kennir C-teymi. Faggreinakennarar eru Páll Valur Björnsson með náttúrufræði og Yngvi Þór Geirsson samfélagsfræði. Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Rafn Markús Vilbergsson og Þórir Rafn Hauksson. Auk þessara tíma eru nemendur í valgreinum.

Skipting kennslustunda

Íslenska - 7 stundir

Stærðfræði - 6 stundir

Danska – 4 stundir

Enska –4 stundir

Lífsleikni 2 stundir (lífsleikni og bekkjarfundur)

Náttúrufræði 3 stundir

Samfélagsfræði 3 stundir

Íþróttir og sund - 3 stundir

Valgreinar – 5 stundir

Íslenska 9. bekkur

A-teymi, kennari: Anna Hulda Einarsdóttir og B-teymi, kennari: Drífa Gunnarsdóttir

Talað mál og hlustun

Stefnt er að nemendum:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum
- geti flutt mál sitt og nýtt tónlist, texta eða myndefni sér til stuðnings

Lestur og bókmenntir:

Stefnt er að nemendum:

- lesi sér til gagns og ánægju
- þjálfist í hraðlestri
- geti lesið texta með góðum skilningi

- læri tvö ljóð og fjalli um ýmiss konar kveðskap
- lesi fjölbreyttar bókmenntir
- geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði
- þekki algengustu hugtök í bragfræði
- lesi eina Íslendingasögu

Ritun

Stefnt er að nemendur:

- hafi vald á réttiritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geti mótað texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- verði færir að skrifa mismunandi textagerðir
- þjálfist í skapandi skrifum

Málfræði

Stefnt er að nemendur:

- læri orðmyndum og orðeiningar og geti nýtt þá þekkingu til réttiritunar
- þekki orðflokka og merkingarleg og beygingarleg einkenni þeirra og hlutverk í texta
- geti notað orðtök og málshætti til að auga mál sitt
- læri notkun orðabóka og annarra handbók
- kynnist staðbundnum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun

Námsgögn:

- Skerpa 2
- Laxdælasaga
- Skrifinnur
- Málfinnur
- Anna frá Stóruborg
- orðabækur
- frjálslestrarbækur og smásögur

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fyrirlestrar, heildstæð verkefni, hópverkefni, ritun, tjáning, umræður og vinnubókarkennsla

Námsmat:

haustönn:

- Skerpa verkefnalotur gilda 40% af lokaekunn
- Skerpa lotupróf gilda 40% af lotueinkunn
- Lokapróf gildir 20% af lokaekunn.

Þeir nemendur sem ná 80% af námsmarkmiðum annarinnar sleppa við að taka lokaprófið.

vorönn:

- Skerpa verkefnalotur gilda 40% af lokaekinn
- Skerpa lotupróf gilda 40% af lotueinn
- Lokapróf gildir 20% aflokaekinn.

C-teymi, kennari: Ástríður Sigurðardóttir**Lestur og bókmenntir:**

Að nemendur:

- lesi sér til gagns og ánægju
- geti lesið texta með góðum skilningi
- lesi ljóð og fjalli um ýmiss konar kveðskap og bragfræði
- lesi fjölbreyttar bókmenntir
- lesi eina Íslendingasögu
- lesi eina nútímasögu

Ritun

Að nemendur:

- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geti mótað texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- þjálfist í skapandi skrifum og verði færir að skrifa mismunandi textagerðir
- nái tókum á að skrifa útdrætti og endursaganir úr munnlegu og skriflegu efni

Málfræði

Að nemendur:

- þekki helstu hugtök sem notuð er í íslenskri málfræði
- þekki orðflokka og merkingarleg og beygingarleg einkenni þeirra og hlutverk í texta
- geti notað orðtök og málshætti til að auðga mál sitt
- geti notað orðabækur og aðrar handbækur um íslenskt mál og skilið útskýringarnar
- öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best og láta það hæfa aðstæðum hverju sinni

Talað mál og hlustun

Að nemendur:

- þjálfist í framsögn og skýrum framburði
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum

Námsgögn:

- Mályrkja 1 ásamt vinnubók
- Kennslubók í stafsetningu – valdar æfingar
- Fallorð
- Sagnorð
- Skerpa – valdir kaflar
- Orðhákur 1
- Laxdæla ásamt vinnubók
- Anna frá Stóruborg ásamt vinnubók
- Ýmsar smásögur valdar af kennara
- orðabækur
- ljósritað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, ritun, umræður utanbókarnám og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- kannanir – í málfræði, gilda 20%
- ritunarverkefni – nemendur vinna 3 stutt ritunarverkefni, gilda 15%
- verkefni – úr Mályrkju og smásögum gildir 15%
- yfirlitspróf úr bókmenntum, Laxdæla á haustönn og Anna frá Stóruborg á vorönn, gildir 10%
- vinnubók – unnið úr bókmenntum, Laxdæla á haustönn og Anna frá Stóruborg á vorönn, gildir 15%
- stafsetningarpróf – lögð fyrir tvö stafsetningarpróf á önn, gildir 10%
- frammistaða – vinna í tímum metin, gildir 15%

Stærðfræði 9. bekkur**A-teymi, Berglind Kristjánsdóttir og B-teymi, Rafn Markús Vilbergsson****Tölur**

Stefnt er að nemendur:

- Geti nýtt stærðfræðipekkingu í daglegu lífi
- Nái valdi á að nota veldi
- Þekki helstu talnamengin og einkenni þeirra
- Geti lesið texta um stærðfræðileg efni
- Þekki reiknireglurnar (víxlregla, tengiregla, dreifiregla)
- Geti reiknað með jákvæðum og neikvæðum tölum
- Geti notað útreikninga á sätiskerfinu
- Hafi öðlast færni á samsettum útreikningum og forgangsröð aðgerða
- Geti skráð heilar tölur og brot

- Þekki ýmsar leiðir við brotareikning
- Hafi gott vald á prósentureikningi

Algebra

Stefnt er að nemendur:

- Skilji táknmál stærðfræðinnar
- Geti notað stæður til að skrá samband stærða
- Þekki reglur um forgangsröð aðgerða
- Geti einfaldað stæður
- Geti notað stæður og jöfnur til að leysa gátur

Jöfnur og stæður

Stefnt er að nemendur:

- Þekki leiðir til að sýna samband stærða með orðum, jöfnum, töflum og gröfum
- Kunni að teikna graf jöfnu
- Þekki einkenni jöfnu beinnar línu og fleygboga
- Geti notað jöfnur til að leysa viðfangsefni
- Þekki muninn á jöfnu og stæðu
- Þekki helstu stærðfræðitákn
- Geti lýst lausnarleiðum sínum

Rúmfræði

Stefnt er að nemendur:

- Þekki einkenni tvívíðra og þrívíðra forma
- Þekki margflötunga
- Geti fundið rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga
- Geti náð þrívíddaráhrifum í teikningum
- Þekki ýmsar gerðir marghyrninga og geti fundið flatarmál, ummál, hornastærðir og hornasummur þeirra
- Þekki hugtakið hringur og önnur hugtök honum tengd, s.s. þvermál, geisli/radíus, bogi og hringgeiri.
- Geti notað hringfara til að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni.
- Hafi náð góðu valdi á metrakerfinu

Tölfræði og líkindi

Stefnt er að nemendur:

- Geti lýst og unnið úr tölfræðilegum upplýsingum
- Geti nýtt fjölbreytt myndrit við framsetningu gagna
- Geti dregið ályktanir af tölfræðilegum gögnum

Rökfræði og mengi

Stefnt er að nemendur:

- Þekki hugtökin mengi, stak, sniðmengi, sammengi og hlutmengi

- Geti lýst mengjum með orðum, upptalningu og myndum
- Geti skráð upplýsingar skipulega

Námsgögn:

- 8-tíu, bækur nr. 3 og 4
- Almenn stærðfræði II og III
- Önnur ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, spurnaraðferðir, sýnikennsla, umræður og þrautalausnir

Námsmat:

- kannanir – námsefninu er skipt upp í lotur. Eftir hverja lotu er könnun þar sem nemandinn þarf að ná að lágmarki 7.0 til að halda áfram. Ef nemandi nær ekki lágmarkinu fær hann frekari þjálfun. Gildir 50 %
- sjálfstæð verkefni – nemendur vinna ákv. heimadæmi, bæði einstaklingslega og í hóp. Gildir 10%
- yfirlitspróf – nemendur taka yfirlitspróf úr því efni sem unnið hefur verið á árinu, gildir 40% af lokaeinkunn

C-teymi, kennari Guðjón Sigbjörnsson**Almenn markmið**

Að nemendur: þjálfist í undirstöðufærni í stærðfræði. Að þeir nái færni í að vinna úr einföldum skriflegum fyriræmum. Ná að tengja stærðfræðina daglegu lífi og athöfnum fólks t.d. rekstri heimilis og öðrum aðstæðum fólks eins og launum og gjöldum.

Fáist við reikningsaðgerðirnar fjórar, mælingar, prósentur, tölfræði, rúmfræði, hlutföll, líkur o.fl.

Námsgögn:

- Stærðfræði 9+
- Almenn stærðfræði I-III
- Ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hópverkefni, kannanir, samvinnunám og vinnubókarkennsla

Námsmat:**haustönn:**

- Skrifleg próf og verkefni á önninni gilda 70%
- frammistöðumat – vinnusemi og frammistaða nemenda metin. Gildir 20 %
- vinnubók – vinna nemenda metin, skipulag, uppsetning og hversu snyrtileg hún er. Gildir 10%

vorönn:

- kannanir og lokapróf – kannanir lagðar fyrir með reglulegu millibili og yfirlitspróf úr öllum þáttum sem búið er að fara yfir lagt fyrir í lok annar, gildir samtals 70%
- frammistöðumat – vinnusemi og frammistaða nemenda metin. Gildir 20 %
- vinnubók – vinna nemenda metin, skipulag, uppsetning og hversu snyrtileg hún er. Gildir 10%

Enska 9. bekkur**A-teymi, kennari Hulda Hauksdóttir, B-teymi, kennari Anna Birna Gunnlaugsdóttir****Almenn markmið**

Að nemendur:

- geti fylgt nokkuð nákvæmum fyrirmælum og leiðbeiningum, t.d. leiðarlýsingum
- geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn
- geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur
- geti nýtt sér samhengi texta til að geta sér til um merkingu orða
- skilji einfaldar og skýrt orðaðar leiðbeiningar, t.d. leiðarvísi eða uppskrift
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um
- kunnir að nota orðabækur í tengslum við ritun
- geti virkjað ímyndunarflið og samið eigin texta, t.d. sögu eða ljóð
- geti gert grein fyrir því sem hann hefur lesið um, hlustað eða horft á og sett fram skoðun
- geti sagt frá eigin reynslu og því umhverfi sem hann þekkir
- geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um persónuleg og kunnugleg málefni
- geti bjargað sér við algengar aðstæður daglegs lífs, t.d. spurst fyrir, leitað sér aðstoðar

Námsgögn:

- Matrix Pre-Intermediate – lesbók og vinnubók
- Writeright 1 og 2
- kjörbækur af bóksafni
- valið efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, kannanir, ritun, tjáning, tónlist, umræður, utanbókarnám, yfirferð námsefnis

Námsmat:

- Kaflapróf úr Matrix: 40%
- Stílar og ritunarverkefni: 20%
- óreglulegar sagnir: 10%
- Vinnubækur: 5%
- frammistöðumat: 5%

- kjörbókarritgerð: 15%
- hlustun: 5%

C-teymi, kennari Einar Árni Jóhannsson

Almenn markmið

Að nemendur:

- geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn
- geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn
- geti lesið einfaldaða texta sér til ánægju, t.d. smásögur og stuttar skáldsögur
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um
- geti gert grein fyrir því sem hann hefur lesið um, hlustað eða horft á og sett fram skoðun
- geti sagt frá eigin reynslu og því umhverfi sem hann þekkir
- geti bjargað sér við algengar aðstæður daglegs lífs, t.d. spurst fyrir, leitað sér aðstoðar

Námsgögn:

- Matrix Pre-Intermediate – lesbók og vinnubók
- kjörbækur af bóksafni
- valið efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, hlustunarefni, hópverkefni, ritun, utanbókarnám

Námsmat:

- kaflapróf – lögð fyrir eftir hvern kafla í lesbók og hlustun, gilda 45%
- ritun gildir 20%
- frammistaða, gildir 10%
- vinnubók, gildir 5 %
- kjörbókarverkefni, munnleg skil, gildir 20%

Danska 9. bekkur

A-teymi, kennari: Anna Birna Gunnlaugsdóttir og B-teymi, kennari Kristín Hjartardóttir

Almenn markmið

Að nemendur:

- fylgi atburðarás í frásögn nokkuð auðveldlega þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður
- skilji aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og málaflokka og viðfangsefni sem unnið er með í öðrum þáttum dönskunámsins
- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni á snældum eða myndbandi

- geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og aðra stutta texta þar sem nauðsynlegt er að allt innihald skiljist nákvæmlega
- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á frekar léttu máli, t.d. stuttar greinar, blaðgreinar og léttar smásögur
- geti beitt ágiskunum fyrirhafnarlaust við lestur lengri texta
- geti skrifað stutta texta (60-100 orð) út frá lykilorðumgeti unnið með einfalda útgáfu af ferlisritun
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri
- geti notað einfaldan orðaforða um skoðanir sínar og tilfinningar
- geti brugðist við beiðnum eða spurningum með útskýringum eða lýsingum
- geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

Námsgögn:

- Tænk les- og vinnubók. Dejlige Danmark – les- og vinnubók
- Hvad siger du C – hlustunarefni
- Det er Danmark – verkefni og myndband
- annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, hlustunarefni, hópverkefni, ritun og tónlist

Námsmat:

- kannanir: regluleg kaflapróf og lokapróf í lok annar, gildir 25%
- ritgerð: nemendur vinna ritgerð í tengslum við kjörbók, gildir 20%
- kannanir í málfræði: reglulegar kannanir í málfræði, gilda 15%
- hlustun: í lok annar taka nemendur hlustunarpróf. Gildir 20%
- munnlegt próf: nemendur taka munnlegt próf í tengslum við kjörbók, gildir 20%

C-teymi, kennari: Jóhanna Helgadóttir

Unnið er með færnipættina fjóra, talað mál, hlustun, ritun og lestur. Reynt er að tvinna þá saman í eina heild þegar því verður við komið. Markmið kennslunnar er að þjálfna nemendur í talmáli og fá þá til þess að tala meira á dönsku, að auka orðaforða með því að lesa og hlusta, festa orðaforðann í minni og auka öryggi í talmáli með ritun (og í raun verður ritun auðveldari þegar talmálið eykst). Danmörk, land og þjóð, er kynnt nemendum í gegnum það námsefni sem notað er. Málfræðipættir sem nemandi þarf að kunna skil á til þess að geta tjáð sig munnlega og skriflega á sem réttastan hátt eru teknir fyrir, ásamt því að grunnmálfræði er rifjuð upp eftir þörfum. Markmið Aðalnámskrár grunnskóla 2007 í dönsku stjórna vissulega ferðinni (sjá nánar í námsáætlunum á fjölskylduvef Mentors).

Námsgögn:

- Dejlige Danmark
- God nok þemahefti og vefefni
- Námsvefurinn Leg med dansk
- Léttlestrarbækur/smásögur
- Grammatik
- Ljósritað æfingahefti úr bókinni Grammatik

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla, heildstæð verkefni, heimildarvinna, hlustunarefni, hlutverkaleikir, hópverkefni, námsleikir, ritun, spil, sýningar, tónlist, vinna með ólíka miðla, vinnubókarkennsla.

Námsmat:

- Kannanir úr málfræði - 15 %
- Munnleg verkefni – 20 %
- Frammistöðumat – 10 %
- Vinnubók – 10%
- Ritun – 20 %
- Hlustun – 20 %
- Ólesinn texti – 5 %

Lífsleikni 9. bekkur**Kennari: umsjónarkennarar****Almenn markmið**

Að nemendur:

- hafi vitneskju um réttindi sín og skyldur sem neytandi og launþegi
- átti sig á mikilvægi þess að geta skipulagt eigin fjármál
- þekki hugtök sem varða fjármál einstaklinga s.s. skattur, lífeyrissjóður o.s.frv.
- læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru
- öðlist færni í að flokka rusl og veri meðvituð um orkunotkun- og sparnað
- geri sér grein fyrir því hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti

Námsgögn:

- Auraráð, fjármálafræðsla
- Raunveruleikurinn – vefverkefni
- Annað vefefni

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Margmiðlun, ritun, tjáning, umræður, verklegar æfingar og samræðuaðferðir

Námsmat

- frammistöðumat
- einkunn gefin lokið/ólokið

Náttúrufræði 9. bekkur**Kennari: Páll Valur Björnsson****Almenn**

Að nemendur:

- þekki algengustu frumefni og efnasambönd sem frumur eru gerðar úr
- þekki helstu frumulíffæri og starfsemi þeirra
- þekki helstu gerðir frumna
- þekki hvernig atferli dýra hefur áhrif á lífsafkomu þeirra og hæfni í þróunarfræðilegum skilningi
- kynnist hugmyndum um uppruna og þróun lífsins
- geti lýst hringrás efna og orku í náttúrunni
- þekki ljóstillífun
- skilji að vistkerfi byggist á samspili lífvera innbyrðis og við lífvana umhverfi og geta skýrt mögulegar afleiðingar þess að fæðukeðjur raskist
- skilji mikilvægi þess að viðhalda fjölbreytileika tegunda og vistgerða
- skilji muninn á frumefni, efnasambandi og efnablöndu
- viti hvernig frumefni eru táknuð og hvað formúla efnis merkir
- átti sig á uppbyggingu lotukerfisins og geta notað það til að spá fyrir um eiginleika frumefna
- skilja að heildarmassi efna, sem taka þátt í efnabreytingu, helst óbreyttur
- skilja að frumeindir varðveitast þó að efni taki breytingum
- skilja muninn á hamskiptum, leysingu og efnahvörfum
- skilja hugtakið efnajafna
- skilja hvað stilling efnajafna felur í sér og geta stillt einfaldar efnajöfnur
- skilji að kynsjúkdómar smitast í kynlífi og stafa af örverum, eins og bakteríum og veirum, eða lúsum. Sumir kynsjúkdómar smitast eingöngu við kynmök, þegar typpi snertir leggöng eða endaparm. Aðrir smitast líka við munnmök, þegar munnur snertir kynfæri eða endaparm.

Námsgögn:

- Efnisheimurinn
- Lífheimurinn – litróf náttúrunnar
- Kynsjúkdómar
- kennslumyndbönd

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, fræðslumyndir, heimildarvinna, hópverkefni, sýnikennsla, verklegar æfingar og vettvangsferðir

Námsmat

haustönn:

- kannanir: teknar reglulega eftir hvern kafla, gilda 50%
- Verkmappa – nemendur safna saman verkefnum sem þeir vinna í tímum og heima í vinnubók sem er metin í lok annar. Gildir 25%
- Frammistöðumat: kennari skráir hjá sér almenna frammistöðu nemenda í tíma, virkni, áhuga, viðhorf og vinnusemi. Gildir 10%
- Önnur verkefni og tilraunir (skýrslur) gilda 15%

vorönn:

- kannanir: teknar reglulega eftir hvern kafla, gilda 50%
- Verkmappa – nemendur safna saman verkefnum sem þeir vinna í tímum og heima í vinnubók sem er metin í lok annar. Gildir 25%
- Frammistöðumat: kennari skráir hjá sér almenna frammistöðu nemenda í tíma, virkni, áhuga, viðhorf og vinnusemi. Gildir 10%
- Önnur verkefni og tilraunir (skýrslur) gilda 15%

Samfélagsfræði 9. bekkur

Kennarar: Yngvi Þór Geirsson

Markmið:

- nemendur kynnist aðdraganda heimstyrjaldanna og gangi þeirra
- nemendur þekki hvernig lífið var á Ísland fyrir seinni heimstyrjöldina og hvernig það var á meðan henni stóð
- nemendur geri sér grein fyrir helförinni og af hverju hún átti sér stað
- nemendur kynnist fólksfjöldafræði, offjölgunarvandamálum heimsins og læri að gera aldurspýramída
- nemendur kynnist heimsálfunum Asíu og Ameríku og völdum ríkjum innan þeirra

Námsgögn:

- Hernámsárin á Íslandi og Styrjaldir og kreppa
- myndin Schindler's list
- Landfræði handa unglíngum, 2. hefti – lesbók og ljósrit
- gervihnattamyndverkefni
- fræðslumyndirnar Kína og Indland, risinn í austri

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, fyrirlestrar, hópverkefni, spil, upplýsingartækni og vinnubókarkennsla

Námsmat**-haustönn**

- Vinnubók: 10%
- Kaflapróf úr Asíu og Kína: 15%
- Kaflapróf úr Ameríku: 15%
- Fólksfjöldafræðiverkefni: 10%
- Önnur verkefni úr lesbók: 15%
- Gervihnattamyndaverkefni: 5% - unnið heima
- Landkynningarverkefni: 10%
- Frammistöðumat: 10%
- Sjálfsmat: 5%
- Hugtakakort: 5%

-vorönn

- Kaflapróf 45%
- Vinnubók 20%
- Schindler's list verkefni 5%
- Frammistöðumat 10%
- Sjálfsmat 5%
- Hugtakakort 5%
- Önnur verkefni 10%

Íþróttir**Kennari: Rafn Markús og Þórir Rafn****Almenn markmið:**

Á unglingastigi er nauðsynlegt að tengja íþróttakennsluna í auknum mæli við fræðilega innlög, markvissa ástundun íþróttar eða líkams- og heilsurækt. Þjálfar þarf nemendur í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þjóða skal nemendum fjölbreytta þjálfun sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Á þessum árum er mikilvægt að búa nemendur markvisst undir að taka sjálfstæða ákvörðun við val á íþróttaiðkun og heilsurækt.

Námsgögn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar, gildir 50%

- frammistöðumat – verklegt próf, gildir 50%
- nemendur fá einkunn í tölum

Sund

Kennarar: Ásgerður Bjarklind

Almenn markmið:

Unnið eftir 9. sundstigi

- 500 m þolsund. Nemandi notar að lágmarki 3 sundaðferðir. Ekki skal synda hverja aðferð skemur en 75 m.
- Sund í fötum: Stunga af bakka, 50 m fatasund þar af 8-10 m kafsund. Troða marvaða og afklæðast á sundi. Synt 50 m í sundfötum.
- 25 m flugsund
- Tímataka, nemendur velja 2 aðferðir af 3:
 - a) 100 m bringusund, lágmark- drengir:2,15mín stúlkur:2,20mín
 - b) 50 m skriðsund, lágmark- drengir:60 sek stúlkur:62 sek
 - c) 25 m baksund, lágmark- drengir:32 sek stúlkur:34 sek

Námsgögn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 9. sundstigi, verða að ná öllum markmiðum
- Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.
- Lokið/ólókið